

I

Ó, hve þú ert vel til höfð! Situr djúpt í mjúkum stól með háu baki og lest í *Syni reiðinnar*; niðursokkin og verður mín ekki vör fyrir en ég heilsa. Þá læturðu bókina síga örlítið, horfir yfir hana og upp fyrir umgjörð glerjanna; það er ljómi í augunum sem eru gulgræn í minningunni en gráblá í dag. Í svip þínum vaknar spurning á meðan þú heldur út úr sögunni. Þegar þú hefur stillt augun og sérð þann sem kominn er flæðir bros um andlitið og gerir þríhyrnu á vangana. Það geislar af þér, það leggur frá þér yl og það birtir á heimili þínu, í herberginu. „Góðan daginn, glaðan haginnd,“ segirðu með bjartri rödd sem er miklu yngri að árum en þú. Mér er létt. Þetta er þá ekki eins slæmt og ég hafði haldið. Ég stíg í fótinn, hneigi höfuðið til þess að heilsa þér með kossi. Þú víkur þér undan og

ég fer hjá mér þegar þú býður mér kandís úr engu: „Svo að þú hafir sætt í munnni á meðan ég skýst fram í búr að fleyta rjóma út í kaffið“. Birtan dofnar, þú situr sem fastast á meðan þú bjástrar í búrinu og það móar á skuggum; eigi að síður er ylur inni.

Við dveljum í þögn. Lengi. Þegar við rjúfum hana vefur hún sig jafnskjótt utan um okkur aftur eftir hverja spurningu og hvert svar hefðbundinnar kurteisi: Hvernig líður þér? Þryðilega, en þér og þínum? Jú, takk; nokkuð að fréttu? Nei, svo sem ekki. Nóg við að vera? Það er nú líkast til, já, já. Og veðrið? Ha? Hvernig hefur veðrið verið hjá ykkur? Jú, aldeilis ... Af hverju spyrðu að því, varstu ekki að koma inn rétt í þessu? segirðu þá og slærð botninn í tilgangsleysi orðræðunnar með skelmisbrosi sem er jafn órátt og helgítexi. Þetta ert þú! Þarna ertu lifandi komin. Svo líður efinn að og allt í einu er ég ekki fyllilega viss um í hvaða veröld þú ert stödd. Þess vegna spyr ég:

„Nokkuð farið norður nýlega?“

„Auðvitað ekki,“ segirðu með gusti og á augabragði sannfærist ég um að við séum á sama plani þar til þú bætir því við að ég eigi að vita að bíllinn þinn sé bilaður og að þú hafir ekki tíma til þess „að hrossast alla þessa leið með mjólkurbílnum“.

„Viltu að ég láni þér minn?“ spyr ég.

„Þinn hvað?“ spyrðu á móti.

„Bíl,“ svara ég, en þá flissarðu og fullyrðir að ég sé alltaf sami æringinn og ferð að syngja lag sem ég hef aldrei heyrt áður. Það er við ljóðlínur sem ég þekki: *Heil og sæl, María litla mín./ Hvar er hún svala systir þín?/ Er hún í útlöndum að spinna lín?*

Að loknum söng þagnarðu litla stund, hallar höfðinu og hvímar augum áður en þú lokar þeim og syngur áfram með nýjum tón og texta annars staðar frá: *Nem'ún steli vorinu heim til sín?* Á lokatóninum réttirðu mér hönd og segist ætla að sýna mér hvar hún hafi búið sér hreiður ef ég vilji láta svo lítið að leiða þig út undir vegg og inn í vorsólargeisla: „Hver veit nema þú finnur stein,“ segirðu til þess að gera mig spennan fyrir ferðalaginu um leið og hendur okkar ljúkast um lófana.

„Hverslags stein?“ spyr ég á móti til þess að sýna þér forvitni mína en fæ ekki svar fyrr en við erum komin inn í nafla hússins; bjart holrými með fjórum steiptum veggjum og gegnsæju harðplasti undir haustgráum himni. Í fljótu bragði er þarna enginn jarðvegur sjáanlegur; það liggja gangstéttarhellur yfir honum. Ofan í keru úr steinrenningum er efni sem gæti einhvern

tíma hafa verið mold. Grá slika er yfir jurtum sem gægjast upp úr yfirborðinu. Það er eins og þær kunni ekki við sig, þori ekki að vaxa, hvað þá að bera blóm; kannski þekkja þær ekki tilganginn í þessu garðshorni steinsteypunnar.

Undir plasthimninum eru hringlaga borð úr tágum. Á þeim eru plötur úr rúðugleri. Fjórir hægindastólar standa umhverfis hvert þeirra. Tágar húsgagnanna eru þykkklakkaðar og á litinn eins og nausblóð andartaki áður en það storknar. Í tausetum stólanna eru útsprungin blóm og kornöx á bakpúðunum.

Í þessari uppspannu gróðurvin situr hátignarleg kona. Hún er ein við borð og lygnir augum. „Blessunin,“ segir þú og kinkar kolli til hennar, „hún er utan við sig og veit ekki að það er sögusteinninn í máriátluhreiðri í maí. Ef hún nær honum og ber hann á sér í blóðugum hálsklút og lætur hann í hægra eyra þegar lítið liggur við flytur hann henni allt það sem hún vill heyra.“

Þú sest á blóm og sígur saman. Hægt. Mér finnst að þú sért að stinga af. En áður en þú týnir mér hvíslarðu með leyndarrödd bernskunnar:

„En segðu mér nú, María litla mín, hvar á ég að vera vetur, sumar, vor og haust? Í hverju verð ég þá?“

Í rómnum er seiður sem þokar mér inn í litskrúðug ævintýri þar sem þú ert með fiðrildavængi. Tíminn hverfur en kemur aftur og klukkar okkur þar sem við svífum undan léttum bjöllumljómi og setur okkur niður í gráan garð; þú reisir þig, víkur að mér og hvíslar:

„Ertu viss um að þú viljir ekki kandís með kaffinu?“

Það fara viprur um varir þínar; þær hlaupa í glott út í annað og ég velti því fyrir mér hvort þú sért að leika þig aðra en þú ert. Fæ ekki varist því. Þetta er þó bara fluga sem er komin út úr höfðinu á mér þegar við erum staðin upp og leiðumst um garðshornið í átt að matsalnum. Bjallan glymur aftur. Hún er úr takti við fótaborð okkar og týnda konan hlýðir ekki kalli hennar. Hún situr eftir. Þegar við fetum okkur fram hjá henni brosir hún líkt og í oflæti; ef til vill er hún drottning drauma sinna því hún veifar okkur eins og við séum lítilþægir hirðmenn.